

Bergur Ágústsson – fulltrúi nemenda í umhverfisteymi – nemandi á 1. ári á nýsköpunar og tæknibraut

Ávarp við afhendingu Grænfána

Verkefnið skólar á grænni grein er alþjóðlegt og menntar milljónir nemenda víða um heim í sjálfbærni og umhverfisvernd.

Þegar skóli skráir sig í verkefnið þarf hann að fylgja sjö skrefa ferli sem eflir vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Verkefnið hefur víðtæk áhrif og taka skólar ábyrga afstöðu í málum sem snerta umhverfið.

Vegferð okkar í VA í átt að grænfána hófst haustið 2016. Frumkvæðið að þessari vinnu kom frá nemendum sem bentu á að stofnun sem væri að mennta ungmenni ætti að mennta og vera fordæmisgefandi í umhverfismálum. Í kjölfarið var umhverfisnefnd stofnuð við skólann en í henni sitja þrjú nemendur, kennari, húsvörður og fulltrúi foreldra.

Nefndin hefur unnið að ýmsum markmiðum þessi tvö ár. Fyrsta markmiðið var að flokka úrgang og má sjá þess merki víða um skólann. Var áhersla lögð á að hvetja til flokkunar á jákvæðan hátt. Einnig var skipt var yfir í umhverfisvænar vörur. Áhersla verið lögð á fræðslu um umhverfismál. Við höldum fatamarkað samhliða fyrirlestri um fataneyslu og fatasóun. Markmið var að þátttakendur yrðu meðvitaðir um fataneyslu og fatasóun.

Einnig settum við okkur umhverfissáttmála sem hljóðar svo:

„Rekstur VA er og skal vera eins vistvænn og kostur er. Ávallt skal efla skilning nemenda, starfsmanna og annarra sem að skólastarfinu koma á umhverfi sínu ásamt því að auka virðingu fyrir náttúru landsins, auðlindum þess, orkunýtingu og endurvinnslu. Stuðla skal að menntun til sjálfbærni og lýðheilsu með heilbrigði og forvarnir í fyrirrúmi. Lýðræðisleg vinnubrögð skulu ávallt höfð að leiðarljósi í skólastarfi“.

Í kjölfarið sóttum við svo um Grænfána sem við uppfylltum skilyrði til að öðlast og verður hann afhentur hér á eftir. Við munum stolt taka við fánanum. Verkefni eins og grænfánaverkefnið er afar mikilvægt í skólum. Við nemendur erum framtíðin og við verðum að vera meðvituð um það að vernda umhverfið og leggja okkar af mörkum til að stuðla að sjálfbærni. Komandi kynslóðir eiga að geta notið þess sama og við gerum í dag.